

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um miðlun váttrygginga nr. 473/1994.

1. gr.

2. málslíður 3. málsg. 2. gr. orðist svo:

Kröfum um þekkingu og starfsreynslu skal talið fullnægt hér á landi séu uppfyllt ákvæði 8. og 9. gr. eftir því sem við getur átt.

2. gr.

20. gr. orðist svo:

Váttryggingamiðlari skal kaupa starfsábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur leyfi til starfsemi hér á landi til að fullnægja váttryggingaskyldu sinni.

Váttryggingafjárhæð skal miðuð við þá áhættu sem í starfseminni felst, en að lágmarki eftirtöldum fjárhæðum vegna tjóna sem valdið er af gáleysi innan hvers váttryggingaárs:

1. 25 milljónum kr. þegar váttryggingamiðlari starfar á sviði persónuþrygginga.
2. 150 milljónum kr. starfi váttryggingamiðlari að miðlun greinaflokka sem teljast til stóráhættu samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi að greiðsluváttryggingum undanteknum, eða í atvinnurekstri þar sem eru fleiri en 100 ársverk.
3. 50 milljónum kr. í öðrum váttryggingum en þeim sem tilgreindar eru í tölulíðum 1 og 2.

Starfi váttryggingamiðlari á fleiri en einu sviði samkvæmt 1. - 3. tölul. 2. málsg., gildir sú lágmarksfjárhæð sem hæst er.

Váttryggingaæftirlitið getur gert kröfu um að váttryggingafjárhæðir séu hærri en segir í 2. málsg. telji eftirlitið það nauðsynlegt vegna umfangs og eðlis starfseminnar og skal slík krafa rökstudd.

Váttryggingin skal greiða bætur vegna tjóns sem tjónþoli verður fyrir vegna starfsemi váttryggingamiðlara eða starfsmanna hans og valdið er af gáleysi. Váttryggingafélagi er heimilt að undanskilja ábyrgð sína vegna tjónsatburða sem valdið er af stórkostlegu gáleysi.

Váttryggingin skal ná til þeirra tjónsatvika sem verða á váttryggingatímabili sbr. 91. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954.

Heimilt er að áskilja sjálfsáhættu váttryggingataka í váttryggingaskilmálum en slíkt ákvæði má ekki skerða réttarstöðu þriðja manns. Tilhögun sjálfsáhættu skal getið í váttryggingaskilmálum. Vilji váttryggingafélag fremur geta sjálfsáhættu í skírteini eða iðgjaldskvittum skal Váttryggingaæftirlitinu tilkynnt um slíka ákvörðun áður en hún kemur til framkvæmda. Heimilt er að semja svo um að váttryggingafélag greiði ekki sjálfsáhættu til þriðja manns ef váttryggingataki leggur fram bankaábyrgð sem Váttryggingaæftirlitið samþykkir. Samþykki Váttryggingaæftirlitsins skal háð því skilyrði að komi til greiðslu úr váttryggingunni greiði viðkomandi banki sjálfsáhættuna skilyrðislaust út til þriðja aðila.

Váttryggingin skal taka til starfsemi váttryggingamiðlara hvar sem er innan hins Evrópska efnahagssvæðis nema um annað hafi verið samið sérstaklega.

Þegar lögaðili rekur váttryggingamiðlun telst váttryggingaskyldunni fullnægt með kaupum á sameiginlegri váttryggingu.

Váttryggingaæftirlitið skal gera tillögu til ráðherra váttryggingamála um breytingar á váttryggingafjárhæðum, telji það ástæðu til, og skulu breytingar tilkynntar með auglýsingu í B - deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

21. gr. orðist svo:

Falli starfsábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag tilkynna það váttryggingataka og Váttryggingaæftirlitinu þegar í stað. Váttryggingatíma telst ekki lokið fyrir en liðnir eru 4 dagar frá því að váttryggingafélagið tilkynnti Váttryggingaæftirlitinu og váttryggingataka sannanlega um lok váttryggingar. Að liðnum nefndum 4 daga fresti telst leyfi til váttryggingamiðlunar fallið úr gildi, nema önnur fullnægjandi starfsábyrgðartrygging hafi verið keypt. Váttryggingaæftirlitið skal gefa váttryggingataka tækifæri til að tjá sig um lok váttryggingarinnar áður en til brottfalls starfsleyfis kemur.

Ákvæði 1. málsg. eiga einnig við um bankaábyrgð sem heimilað er samkvæmt 7. málsg. 20. gr. að komi í stað sjálfsáhættu váttryggingataka starfsábyrgðartryggingar hjá váttryggingafélagi.

Váttryggingaskilmálar starfsábyrgðartryggingar og breytingar á þeim skulu sendir Váttryggingaæftirlitinu áður en þeir koma til framkvæmda.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. málsg. 81. gr. og 98. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. desember 1994.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Stokkseyrarhreppi árið 1995.

1. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið kr. 5.000 skal lagt á hvert sorphilát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í sveitarfélaginu, sbr. 9. gr. samþykktar um sorphreinsun á Stokkseyri nr. 431/1984.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi 1. janúar 1995.

Umhverfissráðuneytið, 15. desember 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.